

## 5. gr.

Lögreglustjórinn hefur dómsvald í lögreglumálum í Keflavíkurhreppi. Þar til heyrir: Öll meðferð almennra lögreglumála, svo og rannsókn allra annarra opinberra mála, þó þannig, að komi það í ljós við rannsókn máls, að hún gefi ótvírætt tilefni til höfðunar sakamáls, þá skal lögreglustjórinn vika sæti og fá málið í hendur sýslumanninum í Gullbringu- og Kjósarsýslu.

Auk þess fer hann með mál þau, er um ræðir í 1.--3. tölul., 3. málsgr., 5. gr. laga nr. 85 1936.

## 6. gr.

Lögreglustjóranum er skylt, ef hreppsnefnd óskar, að gegna störfum hreppsnefndaroddvita í Keflavíkurhreppi og fer um þau störf hans að lögum. Hann á sæti á fundum hreppsnefndar Keflavíkurhrepps og í nefndum hennar og hefur þar óbundið málfrelsi og tillögurétt, en fer eigi með atkvæði, nema hann sé einnig kosinn hreppsnefndarmaður. Lögreglustjóri stjórnar hreppsnefndarfundum.

## 7. gr.

Dómsmálaráðuneytið getur löggilt lögreglustjóran sem fulltrúa sýslumanns í Gullbringu- og Kjósarsýslu til þess að framkvæma ýmis verk, sem lög nr. 79 frá 1919 heimila að falin séu fulltrúum sýslumanna og bæjarfógeta.

## 8. gr.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 16 1934, til að öðlast gildi þegar í stað.

*Í dómsmálaráðuneytinu, 21. ágúst 1944.*

**Einar Arnórsson.**

*Ragnar Bjarkan.*

## REGLUGERÐ

um viðauka við reglugerð nr. 1 1938, um starfssvið lögreglustjórans í Bolungavík.

## 1. gr.

Aftan við 5. gr. reglugerðarinnar bætist:

Auk þess fer hann með mál þau, er um ræðir í 1.--3. tölul., 3. málsgr., 5. gr. laga nr. 85 1936.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 14 1934 til að öðlast gildi þegar í stað.

*Í dómsmálaráðuneytinu, 21. ágúst 1944.*

**Einar Arnórsson.**

*Ragnar Bjarkan.*